

**Ed.**

**481. Nefndarálit**

**[2. mál]**

um frv. til laga um prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Félagi íslenzkra prentsmiðjueigenda, Bóksalafélagi Íslands og Félagi íslenzkra bókaverzlana. Þrátt fyrir það að félög þessi mæli á móti því, að refsí- og skaðabótareglur fyrir samningu, útgáfu og dreifingu bóka og blaða sé breytt frá því, sem nú er í lögum, hefur það þó orðið niðurstaða nefndarinnar að leggja til við hv. deild, að hún samþykki frv. óbreytt.

Verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar í framsögu.

Páll Zóphóníasson, sem var á fundi nefndarinnar, þegar hún ákvað að mæla með, að frv. yrði samþ., er nú erlendis.

Hermann Jónasson var ekki á nefndarfundi, þegar endanlega var gengið frá afgreiðslu máls þessa.

Alþingi, 15. marz 1956.

Lárus Jóhannesson,  
fundaskr., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Guðm. Í. Guðmundsson.